

Alþingi
Erindi nr. P 136/428
komudagur 11.12.2008



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum (209. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem feiur í sér breytingar á núgildandi lögum til samræmis við nýlegt álit umboðsmanns Alþingis.

Að mati Viðskiptaráðs er rétt að gefa smásölu áfengis frjálsa og láta verð og þar með álagningu ráðast á samkeppnismarkaði. En þar sem stjórnvöld hafa ekki lagt af stað í þá vegferð þá er almennt æskilegt að álagningarsvigrúm ÁTVR sé verulega takmarkað. Það er hins vegar bagalegt að frumvarpið hafi ekki að geyma upplýsingar um núverandi álagningu, sem á að skila ríkissjóði hæfilegum arði skv. reglugerð 883/2005. Vegna þess er allur samanburður úr sögunni og þar með forsendur til að meta réttmæti þeirrar álagningar sem frumvarpið kveður á um. Án slíkra upplýsinga má ætla að sú álagning sem lögð er til í frumvarpi þessu nægi til að skila ríkissjóði hæfilegum arði líkt og nú er, jafnvel meira en góðu hófi gegnir.

Ef leitað er frekar að upplýsingum um núverandi álagningu, t.a.m. í álit Umboðsmanns, kemur í ljós að grunur undirritaðs er á rökum reistur. Núverandi álagning ÁTVR á bjór og áfengi með 22% vínanda eða minna er 13% en á sterk áfengi 6,85%. Samkvæmt því felur frumvarp þetta í sér að álagning á bjór og áfengi með 22% vínanda eða minna hækkar um 38,5% og álagning á áfengi með meira en 22% vínanda hækkar um 75,2%. Þegar tekið er tillit til þess að áfengisgjald var hækkað verulega með lögum sem samþykkt voru í kvöld – án þess að kallað hafi verið á umsagnir eða fulltrúar hagsmunaaðila fengnir á fund nefndarinnar – er ljóst að útsöluverð á áfengi mun hækka verulega. Ríkið er því að taka til sín umtalsverðan hluta af útsöluverði, allt að 70%, í formi aðflutningsgjalda, virðisaukaskatts, áfengisgjalds og álagningar.

M.v. umtalsverðar hækkunar er afar einkennilegt að umsögn fjárlagaskrifstofu um frumvarp þetta feli ekki í sér umfjöllun um áætlaða tekjuaukningu ÁTVR af hækkun álagningar og áætlaða arðgreiðslu til ríkissjóðs, sem var 152mkr. árið 2007 og 160mkr. árið 2006 skv. ársreikning ÁTVR frá 2007. Hækkun tekna er af einhverjum ástæðum falin undir því yfirskini að frumvarpinu sé ætlað að koma til móts við athugasemdir Umboðsmanns. Það er augljóst að frumvarpinu er ætlað að auka tekjur ÁTVR og þar með ríkissjóðs – það er engin ástæða til að fara í graf götur með það.

Viðskiptaráð gerir athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins sem kveður á um að ÁTVR sé heimilt að innheimta gjald af birgjum vegna kostnaðar sem leiðir af töku nýrrar vöru til sölu. Mikilvægt er að

sem flestir birgjar hafi aðgang að einokunarsmásoiu ríkisins og því ætti að forðast alla gjaldtöku þar sem slíkt virkar sem aðgangshindrun. Aftur á móti er ekkert óeðlilegt að kostnaður sem fellur til vegna nýrra vara sé borinn af þeim sem óska eftir að nýjar vörur séu teknar til sölu. Það er hins vegar afar mikilvægt að gjaldið standi eingöngu straum af raunverulegum kostnaði sem fellur til, líkt og ákvæðið gerir ráð fyrir, og að ÁTVR hafi virkt samráð við birgja við ákvörðun þessa gjalds.

Í ljósi afar bágrar fjárhagsstöðu ríkissjóðs leggur Viðskiptaráð til að frumvarpið nái fram að ganga en leggur til að álagningarhlutföil verði lækkuð um leið og tekjubörf ríkissjóðs lækkar. Viðskiptaráð hvetur að auki til virks samráðs við birgja um ákvörðun þjónustugjaldsins.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs